Símafundur Landsbyggðin lifi 22. janúar 2022 kl. 20:30

Mættir: Stefanía, Guðrún, Sigríður, Björgvin, Helga, Ómar, Vigfús og Þórdís.

1. Samstarf við Lettland. Hópur frá þeim mun koma til okkar í apríllok og við þurfum að senda aðila til þeirra marslok. Guðrún mun tala við sveitastjóra Seltjarnarnes um fund með hópnum til að ræða tengsl þeirra og samstarf við frjáls félagssamtök. Gert er ráð fyrir að Dísa og Gunna muni fara til Lettlands. Auk verkefnafunda og námskeiða eru fundir tengdir HNSL, ERP á dagskrá. Dísa þarf að uppfæra listann um verkefni sem búið er að samþykkja og þau sem eru í umsóknarferli.

2. Mikið er fyrirhugað af ferðum á vegum samtakana vegna verkefna þá þessu ári, enda frestuðust ýmsir fundir tengdum verkefnum sem gert er ráð fyrir að hægt verði að ljúka á þessu ári. Dísa og Gunna munu líklega sinna flestum ferðanna. Hingað til hafa þær tekið orlof í vinnu sinni þegar þær hafa farið fyrir LBl en nú erum við gengur það ekki. Lagt til og samþykkt að fólki sem þarf að taka launalaust frí til að fara í ferðir á vegum LBL fái greitt vissa upphæð sem telst sanngjörn (15-20 þús á dag?).

3. Rætt um árgjald. Ákveðið að rukka ekki að svo stöddu. Þurfum að virkja félögin okkar, byrja aftur að efla tengslin við þau. Rætt var um að hvetja fólk til að skrifa greinar úr heimabyggð og birta á Facebook okkar. Munum ræða þetta betur okkar á milli.

4. Kynnis- og tengslaferði um landið. Þurfum að vera sýnilegri en við erum í dag. Samþykkt að Sigríður og Stefanía hafi svigrúm til að fara ferðir út á land eftir því sem þeim hentar. Félagar um landið verði til staðar og veiti stuðning eftir getu.

5. Zoom fundur vegna ERP-22 verður 10. marz . Vigfús og Ómar athuga hvort þeir geti mætt en gott væri einnig ef fleiri geta tekið þátt.

   Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið ca. 21:30
   Stefanía ritaði fundagerð.